

Ímyndar- og orðsporskrísur

Morgunverðarfundur Viðskiptaráðs, 5. desember 2007

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME

Ágætu gestir.

Í upphafi vil ég byrja á að óska Viðskiptaráði, Dr. Friðriki Má og Dr. Portes til hamingju með þessa metnaðarfullu og vönduðu skýrslu um íslenska fjármálakerfið og alþjóðavæðingu þess.

Ýmsir hafa fjallað um ímyndar- og orðsporskrísur og reynt að skilgreina hvað veldur slíkum krísum. Því hefur m.a. verið haldið fram að þrír þættir hafi helst áhrif á það hversu berskjölduð fyrirtæki eru gagnvart orðsporsáhættu.

- **Í fyrsta lagi** hvort orðspor fyrirtækisins sé ofmetið (reputation-reality gap).
- **Í öðru lagi** hvort fyrirtækið sé mjög viðkvæmt fyrir breyttum væntingum ólíkra hagsmunaaðila til fyrirtækisins (changing beliefs and expectations)
- **Í þriðja lagi** hvort innri ferlar, samþætting og ákvörðunartaka sé nægilega traust (Internal coordination).

Snemma á síðasta ári urðu íslensku fjármálafyrirtækin þess áskynja að framrás þeirra á erlenda markaði vakti athygli og áhuga erlendra aðila á íslensku efnahags- og fjármálakerfi. Umræðan snérist á skammri stundu gegn íslensku fjármálafyrirtækjunum og í raun einnig gegn íslensku fjármála- og efnahagskerfi.

Eins og fram kemur í skýrslu Dr. Friðriks Más og Dr. Portes snéri gagnrýni erlendra aðila að ýmsum þáttum í starfsemi íslensku bankanna, þ.á.m. því hversu háðir þeir eru fjármögnun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, markaðsáhættu, útlánagæðum, varanleika hagnaðar (earnings quality), gengisáhættu, lögbundins, eiginfjárhlutfalls og þröngt eignarhald.

Það er ekki ætlun mín að svara þessari gagnrýni hér sérstaklega, heldur vísa ég í þá ágætu skýrslu sem hér er til umræðu sem gerir þessu góð skil.

Eins og réttilega er bent á í skýrslunni var í sumum tilfellum um réttmæta gagnrýni að ræða en margt byggði einnig á vanþekkingu sem að ákveðnu leyti stafaði af ógegnsæi og ónógri upplýsingagjöf af hálfu íslensku bankanna.

Bankarnir, Fjármálaeftirlitið og önnur stjórnvöld brugðust við þeirri gagnrýni sem fram kom og juku gegnsæi með auknu frumkvæði í upplýsingagjöf auk þess sem dregið var nokkuð úr krosseignarhaldi. Fjármálaeftirlitið hélt á árinu 2006 um 60 fundi með erlendum lánshæfismatsfyrirtækjum, greiningaraðilum og fjölmiðlum, og þó áhuginn sé aðeins minni á þessu ári þá er hann samt verulegur. Það sem af er þessu ári höfum við hitt hátt í 40 erlenda aðila af ýmsum toga. Þetta var mjög mikil breyting frá því sem áður var,

Þegar slíkir fundir voru um 5 á ári og þá helst með alþjóðastofnunum á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Þessi mikli áhugi á íslensku fjármálakerfi hefur þannig haft töluverð áhrif á starfsemi FME. Slíkir fundir krefjast nokkurs undirbúnings og á hverjum fundi sitja að meðaltali 3 starfsmenn eftirlitisins og þegar fundirnir eru orðnir svo margir sem raun ber vitni blasir við að slíkt tekur tíma frá öðrum verkefnum.

Sú ákvörðun að auka gegnsæi í störfum FME með þessum hætti var að mínu mati nauðsynleg og mikilvægt framlag til þess að auka upplýsingastreymið um íslenska fjármálakerfið. Rétt er að halda því til haga að það þykir ekki sjálfsagt mál fyrir eftirlitsaðila á markaði að opna dyrnar með þessum hætti og ég veit að meðal kollega okkar á Norðurlöndunum eru slíkir fundir ekki jafn algengir.

Þetta skiptir máli því almennt vegur eftirlitsaðilinn og regluumhverfið um 5% í heildar mati lánshæfismatsfyrirtækjanna.

Meginmarkmið Fjármálaeftirlitsins er að stuðla að traustum fjármálamarkaði. Til þess að það markmið náist hefur eftirlitið lagt töluverða áherslu á að bankarnir hugi sérstaklega að eftirfarandi þáttum í rekstri sínum:

- Að þeir hugi að eignagæðum
- Að þeir takmarki stórar áhættuskuldbindingar
- Að gæta að þröngu eignarhaldi og þess að armslengdarsjónarmiða sé gætt þegar um fyrirgreiðslur til venslaðra aðila er að ræða
- Að bankarnir hugi að fjármögnun og lausafjárstöðu
- Að innri reglur og ferlar séu skv. bestu framkvæmd og leiðbeinandi tilmælum fjármálaeftirlitsins
- Aukið gegnsæi

Í erindi Janne Thomsen, framkvæmdastjóra hjá Moody's Investor Services, á ársfundi FME í síðustu viku kom skýrt fram að í mati Moody's á íslensku bönkunum er meðal annars horft til ofantalinna þátta. Í máli hennar kom m.a. fram að þröngt eignarhald bankanna hefði ýmis áhrif á mat fyrirtækisins á bankana, t.d. áhættustýringu þeirra. Þá kom einnig fram að gæði upplýsingagjafar bankanna mætti vera betri.

En eins og fram kemur í skýrslu Dr. Friðriks Mús og Dr. Portes ber einnig að hafa í huga við samanburð á íslenskum og erlendum bönkum að íslensku bankarnir eru ekki hefðbundnir viðskiptabankar eins og til dæmis skandinavísku viðskiptabankarnir, heldur hafa þeir íslensku verið áhættusæknari en kollegar þeirra í Skandinavíu td. með því að taka beinan þátt í útrásar- og fjárfestingaverkefnum viðskiptavina sinna.

Eins og ennfremur kemur fram í skýrslunni standa íslensku bankarnir nokkuð vel hvað varðar markaðsvirði í samanburði við sambærilega norræna banka. Sé litið til arðsemi af kjarnastarfsemi standa íslensku bankarnir ekkert síður en þessir samanburðarbankar. Tekjur af fjármálastarfsemi íslensku bankanna virðist vera hrein viðbót við viðunandi arðsemi af kjarnastarfsemi. Þessar tekjur geta þó aukið sveiflur í heildarhagnaði bankanna, markaðsáhætta er meiri en hjá norrænu bönkunum og því þurfa þeir að hafa hærra eiginfjárhlutfall.

Vegna smæðar íslenska hagkerfisins má gera ráð fyrir að eignarhald fyrirtækja sé þrengra og viðskiptatengsl meiri en í stærri ríkjum. Til þess að lágmarka áhrifin af þeirri orðspors- og ímyndaráhættu sem þröngt eignarhald hefur í för með sér þurfa íslensku fyrirtækin að vera í fararbroddi hvað varðar skilvirka og skýra upplýsingagjöf.

Fyrirtæki sem vilja gera sig gildandi á alþjóðlegum mörkuðum leggja metnað sinn í að tryggja að upplýsingagjöf til markaðarins sé skýr og tæmandi. Ég tel að öll íslensku fjármálafyrirtækin gætu bætt nokkuð upplýsingjöf í ársreikningum og árshlutauppgjörum sínum.

Fjárfestatengsl og samskipti við markaðinn þurfa að taka mið af þeim veruleika að erlendir aðilar, fjárfestar, lánshæfismatsfyrirtæki, greiningaraðilar og fjölmiðlar fylgjast náið með stöðu íslensku fjármálafyrirtækjanna. Það er því mjög mikilvægt að skýrslugjöf fyrirtækjanna til hagsmunaaðila veki ekki upp fleiri spurningar en hún svarar með þögn um tiltekin atriði.

Sem dæmi mættu fyrirtækin almennt:

- Ber saman starfsemi nýliðins ársfjórðungs við ársfjórðunginn á undan, auk sama ársfjórðung síðasta árs. Sérstaklega þegar vöxtur er mikill.
- Gera ætti betri grein fyrir afkomu af kjarnastarfsemi bankanna. Það gefur að mínu mati mun skýrari mynd af varanleika hagnaðar.
- Þá tel ég mikilvægt í ljósi verulegrar aukningar innlána að bankarnir veiti skýrari upplýsingar um tegundir innlána, m.a. um binditíma og hvort þau séu til fyrirtækja eða einstaklinga.
- Einnig mætti upplýsa nánar um meðallengd skulda bankanna og um samsetningu verðbréfaeignar, þ.e. varðandi markaðsverðbréfeign í eigin áhættu, um hlutfall innlendar og erlendar verðbréfaeignar og skiptingu eignar í skráðum og óskráðum félögum.
- Þá tel ég mikilvægt að fyrirtækin bæti upplýsingagjöf um útlánaáhættu, td. um um hlutföll stórra áhættuskuldbindinga, lán til venslaðra aðila og svokölluð “non-performing” lán (vanskila-lán).

- Loks er rétt að geta þess að á fyrri hluta næsta árs mun FME birta þær kröfur sem gerðar verða til fjármálafyrirtækja um aukna upplýsingagjöf til að uppfylla ákvæði Stofnar 3 (Pillar 3) í Basel 2 eiginfjárreglunum.

Ég leyfi mér að staldra í þessu sambandi við þá umræðu sem verið hefur að undanfögnu um tryggingaálag íslensku bankanna. Eins og fram hefur komið fór tryggingaálagið í hæstu hæðir í lok nóvember. Ástæða þessa var meðal annars þær spurningar sem voru uppi á markaði um fjármögnun Kaupþings á yfirtökunni á NIBC bankanum.

Markaðurinn taldi sig ekki vera að fá nægilega skýr svör og þetta hafði ekki eingöngu áhrif á skuldatryggingaálag Kaupþings heldur einnig á hina viðskiptabankana. Það var hinsvegar eftirtektarvert að eftir aukna upplýsingagjöf frá Kaupþingi um fjármögnun tók tryggingaálagið að lækka, ekki bara hjá Kaupþingi heldur einnig hjá Glitni og Landsbanka. Á rúmri viku lækkaði skuldatryggingaálag Kaupþings um 30%, Glitnis um 43% og Landsbankans um 38%. Á sama tíma lækkaði skuldatrygginavísitalan í Evópu um rétt rúm 13% eða helmingi minna. Rétt er að hafa í huga að markaður fyrir skuldatryggingar íslensku bankana er takmarkaður og því rétt að taka ofangreindum tölum með fyrirvara – en þó má líta á þetta sem ákveðna vísbendingu um áhrifin af gegnsæi.

Þannig er að mínu mati ljóst að upplýsingagjöf og gegnsæi séu lykilatriði í því að byggja upp traust og trúverðugleika á markaði. Að mínu mati geta bankarnir enn bætt sig í upplýsingagjöf eins og áður var nefnt við birtingu árs- og árshlutauppgjóra.

Ágætu fundarmenn.

Síðustu dagar hafa endurspeglað ákveðna erfiðleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og hefur þetta haft áhrif á Íslandi.

Það er í mínum huga mjög mikilvægt að aðilar sýni stillingu þegar gefur á bátinn. Greina verður á milli alvöru veikleika og dægusveiflna á markaði og greina kjarnann frá hisminu í umræðunni .

Lækkarnir á hlutabréfamarkaði kalla gjarna fram upphrópanir og gefa allskyns orðrómi byr undir báða vængi – sem virðist yfirleitt ekki eiga sér stað þegar um hækkarnir er að ræða. Það er mikilvægt að hafa í huga að tveggja stafa hækkarnir á hlutabréfamarkaði á hverju ári er ekki náttúrlögmál.

Fjárfestingar í hlutabréfum er áhætta og stórar stöður verða að byggja á mati á undirliggjandi arðsemi viðkomandi rekstrar en ekki eingöngu hækkunarvæntingum. Það sama á við um lán til kaupa á hlutabréfum, auk þess sem að í slíkum tilfellum ber lánveitendum að gæta þess að til staðar séu viðbótartryggingar.

Það er stjórnenda íslensku bankanna að gæta hagsmuna hluthafa sinna og viðskiptavina. Þeir eru ábyrgir fyrir ímynd og rekstri bankanna og það er hlutverk þeirra að tryggja að reksturinn sé í samræmi við lög og reglur. Það er Fjármálaeftirlitsins að fylgjast með og hafa eftirlit með starfsemi.

Í upphafi erindis míns minntist ég á þrjá þætti sem geta leitt af sér orðspors- og ímyndarkreppu. Til þess að fyrirtæki séu síður berskjölduð fyrir slíkum áföllum þurfa þau sífellt að meta orðspor og ímynd sína á raunhæfan og hlutlægan hátt, þau þurfa einnig að meta hvaða áhrif breyttar væntingar hagsmunaaðila (e. stakeholders), s.s. eigendua, viðskiptavina, lánardrottna eða umfjöllunaraðila, geti haft á starfsemi þeirra og þannig líta á orðsporsáhættu sem lið í rekstraráhættu fyrirtækjanna.

Orðspor fjármálafyrirtækis er verðmætasta eign þess. Það eru sameiginlegir hagsmunir Fjármálaeftirlitsins og fjármálafyrirtækja að íslensk fjármálafyrirtæki njóti trausts og trúverðugleika á alþjóðlegum mörkuðum.

Sagt hefur verið að ímyndarkreppa síðasta árs hafi að nokkru leyti verið lán í óláni. Það er hinsvegar mikilvægt að allir dragi lærdóm af þeirri reynslu. Upplýsingagjöf og gegnsæi og traust famkvæmd varúðarreglna er ekki skammtíma átaksverkefni í mínum huga – heldur mikilvægur lykilþáttur í starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja – hér höfum við sem störfum í íslensku fjármálakerfi ennþá verk að vinna. Nýútkomin skýrsla Viðskiptaráðs er mikilvægt framlag í því sambandi.